

Rangárþing eystra
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Akureyri 14. júní 2019
UST201906-105/H.V.
09.07.01

Efni: Leyfi til uppsetningar salernishúss á tjaldsvæði við Ytri-Skóga

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Rangárþings eystra, dagsett 11. júní 2016, um leyfi til að setja niður salernishús á tjaldsvæði við Ytri Skóga. Svæðið er innan náttúrvættisins Skógafoss.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúrvætti sbr. auglýsing nr. 477/1987. Í auglýsingum um friðlýsingum svæðisins kemur fram að mannvirkjagerð og jarðrask, svo og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Þá er óheimilt að skerða gróður, trufla dýralíf eða raska jarðmyndunum innan svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Áætlað er að setja niður salernishús á meðan viðhaldi á eldra húsi er sinnt. Staðsetning hússins er við núverandi salernishús við bílastæðið. Meðfylgjandi umsókninni var skýringarmynd á staðsetningu hússins. Áætlað er að 4 starfsmenn komi að framkvæmdinni en hún mun nýtast gestum svæðisins sem eru um það bil 180 þúsund á mánuði samkvæmt upplýsingum frá umsækjanda. Við uppsetningu hússins verða notuð traktorsgrafa, flutningabíll og taktor með sturtuvagni. Ekki er þörf á að fara út fyrir göngustíga og vegi þar sem húsið er staðsett innan bílastæðis og eina raskið sem verður er á því svæði sem fer undir salernishúsið, um það bil 13 m².

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að áhrif fyrrgreindrar framkvæmdar séu óveruleg. Um er að ræða tímabundna framkvæmd meðan viðhaldi er sinnt á núverandi salernishúsi. Svæðið sem um ræðir er raskað svæði við jaðar tjaldsvæðis og hefur framkvæmdin ekki áhrif á náttúrufar svæðisins. Viðbúið er að notkun vélknúinna ökutækja við framkvæmdina hafi tímabundin truflandi áhrif á gesti svæðisins. Sú truflun mun hins vegar varastatt og mun framkvæmdin hafa jákvæð áhrif fyrir gesti svæðisins, enda mikill fjöldi þeirra sem nýtir salernið.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir uppsetningu salernishúss innan marka náttúrvættisins Skógafoss sbr. lýsingum hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óparfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökti berist ekki í jarðveg/vatn.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlægt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.


Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri



Daniel Freyr Jónsson
Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur